

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll

Fundurinn var haldinn með Teams fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 19. desember 2023 kl. 11:00.

Þátttakendur á fundinum voru: Jón Bjarnason, fulltrúi Hrunamannahrepps, Haraldur Þór Jónsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Regína Sigurðardóttir fulltrúi Forsætisráðuneytisins, Ingvar Atli Sigurðsson fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sigrún Valgarðsdóttir og Valdimar Kristjánsson fulltrúar Umhverfisstofnunar.

Fundargerð

- Kynning Umhverfisstofnunar á stjórnunar- og verndaráætlunum**
Farið var yfir markmið og uppbyggingu stjórnunar- og verndaráætlana ásamt mikilvægi samstarfs og samráðs.
- Verk- og tímaáætlun**
Farið var drög að verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið. Tímaáætlun er heldur rúm í ljósi reynslu af vinnu við sambærilegar áætlanir síðustu misseri.
- Samráðsáætlun**
Samráðsáætlun var kynnt stuttlega en áframhald á umræðum var tekin undir öðrum málum.
- Vefsíða verkefnisins**
Vefsíða sambærilegs verkefnis var kynnt en áætlað er að opna sérstakt vefsvæði fyrir vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll um sama leyti og kynningarbréf verður sent samráðs- og hagsmunaaðilum.
- Önnur mál**
 - Samráðs- og hagsmunaaðilagreining**
Drög að greiningu samráðs- og hagsmunaaðila voru kynnt. Þó nokkrar umræður spunnust og var nokkrum aðilum bætt við listann á fundinum auk þess sem vakin var athygli á tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurland sem birt hefur verið í skipulagsgátt til kynningar og athugasemda.

Niðurstaða fundar og næstu skref

Ákveðið var að senda þau skjöl sem kynnt voru á fundinum til samstarfshópsins, þannig að öll hafi tækifæri til að fara yfir þau, einkum drög að samráðs- og hagsmunaaðilagreiningunni. Næsti fundur hópsins var ákveðinn föstudaginn 5. janúar 2024 kl. 13:00 þar sem farið verður yfir greininguna þannig að hægt verði að opna vefsvæði vinnunnar og senda tilgreindum aðilum upplýsingar um að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll sé hafin

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45